Er íslenskan í fokki?

Eiríkur Rögnvaldsson
uppgjafaprófessor og málfarslegur aðgerðasinni

6. FEBRÚAR 2023

Verður íslenskan horfin árið 2113?

- Rasmus Christian Rask í bréfi 1813:
  - Annars þèr einlægliga ad segia held ég ad íslendskan brádum mun útaf deyia, reikna eg ad valla mun nockur skilia hana í Reikiavík ad 100 árum lidnum, enn valla nockur í landinu ad ödrum 200 þaruppfrá,
  - ef alt fer eins og híngad til og ecki verda rammar skordur vidreistar, jafnvel hiá bestu mönnum er annadhvört ord á dönsku, hiá almúganum mun hún haldast vid leingst.
- 1813 + 100 + 200 = 2113 – íslenskan á 90 ár eftir
  - hún lifir samt enn í Reykjavík – kannski ekki öll von úti

Hnignun málsins stöðugt áhyggjuefni

- Fjölmargir svipaðir spádóma frá síðustu 200 árum
  - (eldra) fólk hefur alla tíð verið þeirrar skoðunar að unga fólkið væri að fara með íslenskuna í hundana
- Björn Guðfinnsson í *Útvarpstíðindum* 1938:
  - Hins vegar fara nú mjög í vöxt áhrif erlendra mála á *skipun orða og setninga og orðalag í íslensku*. Af þessu stafar málinu veruleg hætta, verði ekki tekið í taumana sem fyrst.
- Páll Valsson á ráðstefnu um framtíð íslenskunnar 2006:
  - Sjálfar undirstöður tungumálsins eru að bresta. Beygingakerfið er í uppnámi og setningafræðilegur grundvöllur líka.

Skiptar skoðanir um framtíð íslensku

- Gunnar Smári Egilsson, *Fréttatíminn*, 7.3. 2015:
  - Þegar maður pælir í því er augljóst að íslenskan mun deyja út á næstu 50 til 70 árum. Alla vega sem fullburða tungumál í fjölþættum samskiptum fólks.
- Hvor hafði rétt fyrir sér?

- Tryggvi Gíslason, *Eyjan*, 10.12. 2015:
  - [...] íslensk tunga hefur aldrei staðið sterkar sem lifandi þjóðtunga í margskiptu þjóðfélagi en nú [...] íslenska [...] mun lifa um ófyrirsjáanlega framtíð.
- Hvernig metum við það?

Mælikvarði UNESCO á lífvænleik

Mælistikur	Viðmið fyrir efsta þrep
1. Flutningur máls milli kynslóða	Málið er notað af öllum aldurshópum
2. Fjöldi málhafa	Engin mörk en því fleiri því betra
3. Hlutfall málhafa af heildaríbúafjölda	Málið er notað af öllum í samfélaginu
4. Umdæmi eða svið sem málið er notað í	Málið er notað á öllum sviðum og til allra þarfa
5. Viðbrögð máls við nýjum sviðum og miðlum	Málið er notað á öllum nýjum sviðum
6. Fræðslu- og kennsluefni í máli og læsi	Málið á stafsetningu, rithefð, texta, orðabækur, bókmenntir, fjölmiðla

Staða íslensku í samfélaginu 2023

- Íslenska er notuð á öllum sviðum samfélagsins:
  - í stjórnkerfinu
  - í menntakerfinu
  - í atvinnulífinu
  - í verslun og viðskiptum
  - í fjölmiðlum
  - í menningu og afþreyingu
  - á netinu
  - í daglegum samskiptum fólks
- Eða hvað?

- „Í viðræðum okkar við aðila, bæði innan og utan ferðaþjónustunnar, hafa komið fram meiningar um að hagstæðast væri að leyfa enskunni að taka við af íslenskunni.“
  - *Staða málstefnu í stoðkerfi ferðaþjónustunnar.* Háskólinn á Hólum og Árnastofnun, 2022

Breytingar á 21. öld þrýsta á málið

- Þjóðfélagsbreytingar
  - ferðamannastraumurinn
  - mikil fjölgun útlendinga
  - aukið háskólastarf á ensku
  - alþjóðavæðingin
- Tæknibreytingar
  - snjalltækjabyltingin
  - gagnvirkir tölvuleikir
  - efnis- og streymisveitur
  - talstýring tækja
- Hugsanlega eru viðmið UNESCO úrelt að hluta vegna
  - stóraukins hreyfanleika fólks milli málsvæða
  - viðhorfsbreytinga í kjölfar alþjóðavæðingar
  - tækninýjunga sem þurrka út landamæri milli tungumála
  - yfirburðastöðu ensku í stafrænum heimi

Möguleg áhrif á mál og málumhverfi

- Bein áhrif ensku á íslensku gætu aukist
  - í orðaforða, setningagerð, beygingum, framburði ...
- Íslenskt ílag gæti minnkað
  - ónóg íslenska verið í umhverfi barna á máltökuskeiði
- Notkunarsvið íslensku gæti skerst
  - í ferðaþjónustu, viðskiptalífi, tölvusamskiptum ...
- Dregið gæti úr virðingu fyrir íslenskunni
  - hún gæti farið að þykja hamlandi og hallærisleg
- Íslenska gæti einfaldast og veiklast (sbr. vesturíslensku)
  - flóknari setningagerðir gætu horfið, orðaforði rýrnað ...

Ýmsar aðstæður andstæðari en áður

- Íslenska hefur lifað af hingað til þrátt fyrir erlend áhrif
  - er einhver ástæða til að ætla að annað gildi nú?
- Danskan á 19. öld náði bara til lítils hluta landsmanna
  - einkum embættismanna og kaupmanna í þorpum
- Enskunotkun ekki lengur bundin við einhliða miðlun
  - heldur mun gagnvirkari en áður hjá börnum og unglingum
- Enskt máláreiti nær til mun yngri barna en áður
  - gegnum netnotkun og sjónvarpsáhorf
- Enskan gegnsýrir allt málumhverfi okkar núorðið
  - er mun meiri og á fleiri sviðum en nokkru sinni fyrr

Hvað gæti gerst á næstu áratugum?

- Stéttaskipting í málinu gæti aukist
  - málstaðallinn verður sífellt fjarlægari eðlilegu máli
- Ungt fólk gæti hallað sér meira og meira að enskunni
  - hún er meira spennandi og ekki sífellt verið að gagnrýna
- Íslenskan gæti misst ýmis svið til enskunnar
  - þegar áberandi í ferðaþjónustu, viðskiptum og afþreyingu
- Til gætu orðið málsamfélög þar sem íslenska er ekki notuð
  - fólk virðist bjargast bærilega í landinu án íslenskukunnáttu
- Íslenskan gæti hrunið á fáum áratugum
  - líkt og gerðist með írsku á seinni hluta 19. aldar

Hvað er hægt – og þarf – að gera?

- Sinna máluppeldi barna mun meira og betur
  - lesa fyrir þau og með þeim, og tala sem mest við þau
- Framleiða miklu meira af íslensku efni fyrir ungt fólk
  - afþreyingu, skemmtun, fræðslu – bækur og myndefni
- Auka umburðarlyndi og gera ímynd íslensku jákvæða
  - forðast sífelldar leiðréttingar og neikvæða umræðu
- Vinna af alefli gegn óþarfri útþenslu enskunnar
  - þýða sem mest og gera fólk meðvitað um ensk áhrif
- Gera stórátak í kennslu íslensku sem annars máls
  - annars mun stór hluti íbúa ekki tala íslensku í framtíðinni

Drífum í þessu!

eirikur@hi.is, eirikur.rognvaldsson@gmail.com

https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/malfarspistlar
https://www.facebook.com/groups/malspjall/